



Ársskýrsla

Sambands íslenskra sveitarfélaga

2022



Þakklæti



Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Það eru alltaf merk tímamót þegar nýjar sveitarstjórnir taka við að afloknum kosningum. Nýtt fólk kemur til starfa á sveitarstjórnarstiginu fullt af elju, velvild, dug og ferskum hugmyndum. Þann 14. maí sl. var kosið til sveitarstjórna og fengu þá 470 fulltrúar, af þeim 6.367 sem voru í framboði, nýtt eða endurnýjað umboð til að starfa í sveitarstjórn. Voru þetta fyrstu almennu kosningarnar samkvæmt nýjum heildarlögum um kosningar sem tóku gildi 1. janúar 2022.

Samkvæmt samþykktum sambandsins fór kosning formanns fram áður en landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga fór fram á Akureyri síðastliðið haust. Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, var kjörin formaður til næstu fjögurra ára. Á landsþinginu var stefna sambandsins til næstu fjögurra ára mörkuð ásamt því að ný stjórn var kjörin. Stefnumörkunin er mikilvægt og skýrt leiðarljós í öllu starfi sambandsins.

Starfsumhverfi kjörinna fulltrúa

Það er áhyggjuefni hversu mikil endurnýjun er á sveitarstjórnarstiginu við hverjar kosningar eða yfir 50%. Starfsumhverfi kjörinna fulltrúa er að mörgu leyti óásættanlegt og hatusorðræða á samfélagsmiðlum verður mörgum um megn. Þessu verður að breyta. Í aðgerðaaætlun gildandi stefnumótunar stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga er sett fram markmið um að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn í því skyni að vinna gegn mikilli endurnýjun í þeirra hópi. Í lýsingu á aðgerðinni segir að greina þurfi starfsaðstæður og kjör kjörinna fulltrúa og bera saman við sambærilega þætti innan annarra norrænna sveitarstjórna. Huga verði að orsökum mikillar endurnýjunar í ljósi þess að hátt hlutfall kjörinna fulltrúa gefur ekki kost á sér aftur til þátttöku í sveitarstjórnnum eftir að hafa setið í þeim í eitt kjörtímabil.

Starfsemin 2022

Í ársskýrslu sambandsins kemur vel fram hversu öflug og kraftmikil starfsemi sambandsins er. Við bættum þremur mánuðum við heimavinnutímann, sem mörg okkar vöndumst á tímum kórónuveirunnar, til að umbreyta húsnæði sambandsins yfir í verkefnastýrðan vinnustað þar sem enginn starfsmaður hefur fasta aðstöðu. Þannig náum við enn betur en áður að vinna saman að verkefnum þvert á svið, kynnumst betur og eflum starfsandann.

Kveðjuorð

Í lok apríl 2023 mun ég láta af starfi framkvæmdastjóra sambandsins. Starfi sem ég hef sinnt frá árinu 2008, en áður var ég sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins frá árinu 2002. Það eru vissulega tímamót að hverfa af vettvangi sveitarstjórna þar sem ég hef lifað og hræst nánast allan minn starfsferil, eða frá árinu 1986 þegar ég hóf starf sem bæjarstjóri á Selfossi. Ég lít til baka stoltur og þakklátur fyrir öll þau verkefni sem ég hef fengið að fást við og ber hlýhug til þess fjölda fólks sem ég hef kynnt og starfað með á þessum vettvangi. Vissulega bera þar hæst samskipti mín og samstarf við starfsfólk sambandsins, vinnufélaga mína sem ég þakka fyrir frábært samstarf. Hjá sambandinu starfar fólk sem hefur metnað til að standa sig vel og þótt aðstæður séu oft krefjandi hefur alltaf verið mjög gaman að vinna með þessu ágæta fólki sem býr yfir svo háu þekkingarstigi. Það eru í raun alger forréttindi að fá að starfa með slíku fólki.

Ég óska samstarfsfélögum mínum og öllu sveitarstjórnarfólki allra heilla í leik og starfi. Gangi ykkur vel í ykkar mikilvægu störfum.



Kjara- og mannauðsmál

Fyrri hluta árs voru gerðir skammtíma kjarasamningar við Félag grunnskólakennara, Félag leikskólakennara, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, Félag íslenskra hljómlistarmanna, Fræðagarð, Félag íslenskra félagsvísindamanna, Stéttarfélag lögfræðinga og Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga. Samningarnir gilda til 31. mars 2023.

Í lok mars var kjaradeilu sambandsins og Félags leikskólakennara vísað til ríkissáttasemjara en þá höfðu viðræður um endurnýjun samnings staðið með hléum frá því í nóvember 2021.

Síðsumars voru samningar við Skólastjórafélag Íslands og Félag stjórnenda í leikskólum undirritaðir. Þá var í fyrsta sinn samið við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliða. Voru þessir samningar einnig til skamms tíma, eða til 30. september 2023.

Kjaratölfræðinefnd, samstarfsnefnd heildarsamtaka á vinnumarkaði ríkis og sveitarfélaga, gaf að venju út tvær skýrslur á árinu, að vari og hausti. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga í nefndinni er Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur kjarasviðs.

Jöfnun launa milli markaða

Fyrirheit opinberra vinnuveitenda um jöfnun launa og annarra kjara á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar er hluti af samkomulagi um grundvallar breytingar á skipan lífeyrismála á opinberum vinnumarkaði sem gert var á árinu 2016.

Hópur sérfræðinga vinnuveitenda og heildarsamtaka opinberra starfsmanna hefur unnið að greiningum og mótun aðferðarfræði um jöfnun launa og kjara síðustu sex árin, án þess að niðurstaða liggi fyrir. Þungar kröfur eru á opinbera vinnuveitendur frá BHM, BSRB og KÍ að niðurstaða fái í þetta mál áður en kjarasamningar renna út í lok mars 2023.

Fimm ára endurskoðun starfsmats

Endurskoðunin sem byggir á bókun með gildandi kjarasamningum þeirra stéttarfélaga sem samið hafa um starfsmat við sambandið og hófst árið 2020 mun ljúka á fyrri hluta árs 2023.

Starfsmatið stendur á traustum grunni gagnvart stéttarfélögunum sem eru í góðu samráði við fulltrúa sambandsins og Reykjavíkurborgar um framkvæmd þess og þróun. Ljóst er að þau stéttarfélög sem standa utan starfsmats njóta ekki sama launaskriðs og þau félög sem eru í starfsmati.



Fræðslumál

Skólaþing sveitarfélaga, undir yfirskriftinni Farsælt skólastarf til framtíðar, sem halda átti staðbundið í nóvember 2021, var fært alfarið á netið í febrúar og mars árið 2022 og haldið í tveimur hlutum auk þess sem haldnar voru fjórar sjálfstæðar málstofur í kjölfarið. Dagskráin var tileinkuð því að 25 ár voru liðin frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga og víða leitað fanga um inntak hennar. Skýrsla Skólaþings sveitarfélaga 2021/22.

Í tilefni af því að 25 ár eru frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga var undirrituð viljayfirlýsing þriggja ráðuneyta og sambandsins um úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn. Grunnspurning úttektarinnar er: *Með hvaða hætti geta ríki og sveitarfélög hagnýtt reynslu af yfirfærslu grunnskólans við innleiðingu nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, menntastefnu og aðgerða í byggðaaætlun varðandi skólamál?*

Fyrsta hluta úttektarinnar var skilað til sambandsins í febrúar 2022, þar sem skólaþjónusta sveitarfélaga var í brennidepli og sett í samhengi við innleiðingu nýrra laga um samþættingu. Tillögurnar skiluðu sér inn í áform mennta- og barnamálaráðherra um endurskipulagningu skólaþjónustu. Annar hluti úttektarinnar tekur til þróunar rekstrarkostnaðar grunnskólans ásamt greiningu á þeim þáttum sem vaxið hafa mest að umfangi og ástæðum. Þriðja hlutanum er ætlað að skýra stöðu og þróun námsgagnaútgáfu og endurmenntun grunnskólakennara en þessi verkefni urðu eftir á forræði ríkisins við yfirfærsluna. Tveimur síðarnefndu hlutum úttektarinnar mun ljúka á árinu 2023.

Farsældarlög

Á árinu 2022 hófst innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, farsældarlög. Samhliða innleiðingunni var sett reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Barna- og fjölskyldustofa hefur sérstakt hlutverk samkvæmt lögunum en það snýr m.a. að stuðningi við samþættingu þjónustu s.s. með útgáfu leiðbeininga, gátlista og annars stuðningsefnis fyrir þjónustuveitendur sem og útgáfu staðlaðra eyðublaða og upplýsinga til notenda þjónustunnar.

Fjórum sveitarfélögum, Akranesi, Akureyri, Árborg og Vestmannaeyjum, var boðin sérstök þátttaka í innleiðingarferlinu sem frumkvöðlasveitarfélög og hefur Barna- og fjölskyldustofa verið í reglulegum samskiptum við þau ásamt því að funda og veita öðrum sveitarfélögum og þjónustuaðilum stuðning við innleiðinguna.

Á haustmánuðum voru kynntar viðamiklar breytingar á menntakerfinu en aðgerðirnar eru liður í menntastefnu stjórnvalda til ársins 2030, samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og *Barnvænu Íslandi*. Víðtækt samráð hófst síðan í kjölfarið þar sem áform um ný heildarlög um skólaþjónustu voru kynnt og leitað var eftir þátttöku hagaðila til að móta skólaþjónustu til framtíðar.



Stýrihópur tók til starfa á árinu sem hefur það hlutverk að kortleggja og greina þjónustuþörf barna með fjölþættan vanda og koma með tillögur um viðeigandi úrræði og skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga.

Félagsþjónustunefnd fundaði fjórum sinnum á árinu og fræðslumálanefnd fimm sinnum. Nefndirnar eru ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn sambandsins annars vegar í verkefnum á sviði félagsþjónustu og hins vegar í fræðslumálum. Á nýju kjörtímabili skipar stjórn sambandsins nýja fulltrúa í nefndirnar og voru þær endurskipaðar á haustmánuðum 2022 til næstu fjögurra ára.

Forvarnir

Allir grunnskólar með unglिंगadeild og skólaskrifstofur fengu á árinu senda kynningu fyrir 8. bekkingu gegn stafrænu ofbeldi og gildi samþykkis í stafrænum og kynferðislegum samskiptum. Kynningin er hluti af fræðsluherferð ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og stýrihóp um framfylgd forvarnaráætlunar meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Samband íslenskra sveitarfélaga í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu og Barnahús buðu starfsfólki grunnskóla upp á örnámskeið í mars og starfsfólki leikskóla upp á samskonar námskeið í september þar sem aðgerðir þingsályktunar um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti gegn börnum og ungmennum voru kynntar. Námskeiðið var tekið upp og birt í vefgátt Menntamálastofnunar. Stopp ofbeldi.

Töluvert af náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni hefur verið gert aðgengilegt á vefgátt Menntamálastofnuna, fyrir öll skólastig. Nú stendur enn fremur yfir þýðing og staðfæring á náms- og fræðsluefni fyrir leik- og grunnskóla.

Í mars tók starfshópur um innleiðingu barnaverndarlaga til starfa. Hlutverk hans var að styðja við innleiðingu laga um breytingu á barnaverndarlögum, þ. á m. stofnun barnaverndarþjónustu og umdæmisráða barnaverndar. Gildistöku laganna var frestað til 1. janúar 2023 að beiðni sambandsins en til stóð að þau tækju gildi að afloknum sveitarstjórnarkosningum.



Félagsþjónusta

Nýir samningar um rekstur hjúkrunarheimila voru undirritaðir í apríl. Eru samningarnir til þriggja ára og nemur heildarfjármagn þeirra tæpum 130 milljörðum króna. Á samningstímanum verður unnið að verkefnum sem miða að bættu rekstrarumhverfi heimilanna til framtíðar og auknum gæðum þjónustu þeirra. Í framhaldi af því var skipaður vinnuhópur til að endurskoða greiðslukerfi til rekstrar hjúkrunarheimila og er stefnt að því að hópurninn skili niðurstöðu í maí 2023. Þá var einnig skipaður starfshópur um greiningu á eignarhaldi húsnæðis hjúkrunarheimila og fjármögnun þeirra.

Á árinu var undirrituð viljayfirlýsing milli sambandsins, félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra og Landssambands eldri borgara um heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk. Þá var skipuð verkefnastjórn sem hefur það hlutverk að leiða vinnu við heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk með það að markmiði að stuðla að samvinnu og samhæfingu á milli haghafa í málaflokknum.

Sambandið var þátttakandi í starfshóp sem vann að skýrslu um heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í skýrslunni komu fram tillögur að úrbótum s.s. að húsnæðis- og búsetumálum, atvinnumálum, NPA, samráði við notendur og mati á stuðningsþörfum. Jafnframt var gerð ítarleg greining á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Sú greining leiddi í ljós gríðarlega aukningu á kostnaði sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Móttaka flóttafólks

Þann 24. febrúar réðust Rússar inn í Úkraínu fljótlega eftir það tóku flóttamenn að koma til landsins og mæddi móttaka þeirra mikið á sveitarfélögum. Sambandið setti upp [Spurt og svarað síðu](#) um móttöku flóttafólks þar sem m.a. voru veittar upplýsingar vegna réttar barna á flótta til skólavistar.

Mennta- og barnamálaráðuneytið veitti [tímabundinn fjárhagslegan stuðning](#) til sveitarfélaga þar sem börn á flótta frá Úkraínu og fjölskyldur þeirra tóku upp búsetu. Stuðningnum var ætlað að styðja við móttöku og undirbúning á skólastarfi og virkja þátttöku barnanna. Einnig var honum ætlað að styðja við náms- og félagsleg úrræði sveitarfélaga fram að skólabyrjun haustið 2022.

Sambandið efndi í lok sumars til [kynningarfundar](#) þar sem kynntur var rammi að þjónustusamningi um samræmda móttöku flóttafólks. Markmið samningsins er að samræma móttöku flóttafólks þannig að ríki og sveitarfélög tryggji flóttafólki samfellda og jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur.



Skipulags, húsnæðis- og byggðamál

Í mars tók [Brák hses, húsnæðissjálfsseignarstofnun](#), til starfa. Starfsfólk sambandsins tók þátt í undirbúningsfundum sem fóru fram í gegnum fjarfundabúnað og veittu ráðleggingar og aðstoð. Markmiðið með stofnun Brákar hses. er að ná fram stærðarhagkvæmni sem næst ekki með litlum hses. félögum sem eiga aðeins fáar íbúðir. Stofnaðilar eru 31 sveitarfélag víðs vegar að af landinu.

Í þingályktunartillögu um [stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036](#) og aðgerðaráætlun fyrir árin 2022-2026 sem var samþykkt á Alþingi í júní er að finna 44 aðgerðir sem flestar eru á ábyrgð innviðaráðuneytisins. Samráð og samhæfing eru leiðarljós við mótun og framkvæmd byggðaaætlunar. Samráðið er ekki hvað síst við sveitarfélög í gegnum landshlutasamtök þeirra, Samband Íslenskra sveitarfélaga og við ráðuneyti í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

[Rammasamningur um húsnæðisuppbyggingu](#) var undirritaður í júlí og gildir hann til tíu ára. Aðilar að samningnum eru auk sambandsins, innviðaráðuneytið og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Er þetta fyrsti samningur milli ríkis og sveitarfélaga af þessum toga og fylgdi honum viðauki með tuttugu og fjórum tímasettum aðgerðum sem áformeð er að uppfærðar verði árlega. Í samræmi við samninginn var undir lok árs var gerð breyting á reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga sem kveður á um að húsnæðisáætlanir þurfi að vera samanburðarhæfar.

Á [Skipulagsdeginum](#) sem haldinn er í samstarfi við Skipulagsstofnun var sjónum beint að nokkrum af helstu viðfangsefnum og áskorunum okkar tíma í skipulagsmálum og landnotkun: stafrænni vegferð, fæðuöryggi, skipulagi bæjarrýmis og orkuskiptum.



Fjármál

Samband íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra undirrituðu í mars [samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga fyrir árin 2023–2027](#). Í samkomulaginu settu aðilar sér það markmið að draga úr halla hins opinbera yfir tímabil fjármálaáætlunarinnar þannig að í lok þess verði halli á rekstri ekki meiri en 0,7% af VLF og stöðva hækkun á skuldum sveitarfélaga sem hlutfall af VLF eigi síðar en fyrir árslok 2026. Í [samantekt hag- og upplýsingasviðs sambandsins](#) um ársreikninga A-hluta sveitarfélaga sem birt var í júní kom fram að afkoma þeirra hafi verið slök árið 2021, en þó betri en reiknað var með.

Gengið var frá [samkomulagi milli sambandsins og þriggja ráðuneyta](#) um sérstaka viðbótarfjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að útsvarsálagning sveitarfélaga hækki um 0,22% stig gegn samsvarandi lækkun tekjuskattsálagningar ríkisins. Skattbyrði einstaklinga breytist því ekki með þessari aðgerð. Fjárhæðin sem flyst frá ríki til sveitarfélaga mun nema um 5 ma. kr. á árinu 2023.

[Fjármálaráðstefna sveitarfélaga](#) var haldin dagana 13. og 14. október. Uppsett var á ráðstefnuna og sátu hana 455 manns en til viðbótar var áhorf á streymi frá ráðstefnunni mikið. Alls voru haldin 30 erindi á ráðstefnunni. Á fyrri deginum var aðaláherslan lögð á afkomu sveitarfélaga og horfur til næstu ára, málefni fatlaðs fólks og hringrásarhagkerfið. Á föstudeginum voru tvær málstofur að venju. Á annarri var fjallað um tekjustofna sveitarfélaga og fjármálastjórn og um uppbyggingu innviða og íbúða á hinni. Að venju var ráðstefnugestum boðið að leggja mat á ráðstefnuna með rafrænum spurningalista. Alls þáðu 264 gestir boðið. Skemmst er frá því að segja að mikil ánægja var með ráðstefnuna, 48% svarenda voru ánægð og jafnmargir mjög ánægðir.

Svipmyndir frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022



Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaga sem undirritað var í lok september 2020 var ákveðið að ráðast í heildarendurskoðun tekjustofna sveitarfélaga og skipa tekjustofnanefnd til að annast verkefnið. Skyldi nefndin skila að sér í lok árs 2021. Vinnan dróst mjög á langinn og þegar kom að skilum síðastliðið haust kom í ljós mikill ágreiningur um niðurstöður og vinnubrögð. Lauk þessu þannig að sambandið ákvað einhliða að leggja fram loka drög að skýrslu nefndarinnar sem samþykkt var af fulltrúum sambandsins 26. september fyrir landsfundinn á Akureyri.

Fjármögnun málefna fatlaðs fólks var í brennidepli á árinu. Nefnd sem þáverandi félags- og barnamálaráðherra skipaði skilaði ítarlegri skýrslu í maí. Lagðar voru fram tillögur um heildarendurskoðun laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Félags- og vinnumarkaðsráðherra ákvað við afhendingu skýrslunnar að stofna nefnd til að fara nánar í saumana á rekstrinum.

Öflun tímanlegra gagna um allt það sem viðkemur sveitarfélögum er viðvarandi verkefni. Það á ekki hvað síst við launamál en sambandið þarf að búa yfir ítarlegum upplýsingum um laun við undirbúning og gerð kjarasamninga. Hag- og upplýsingasvið í samstarfi við Kjarasvið lagði grunn að því að veita upplýsingum úr launakerfum allra sveitarfélaga beint inn í „gagnalón“ sambandsins. Við undirbúning verkefnisins hefur m.a. þurft að leysa margvísleg tæknivandamál en ekki síður á sviði persónuverndar. Í Þjóðhagsráði sitja aðilar vinnumarkaðarins (þ. á m. sambandið), ráðherrar og seðlabankastjóri. Ráðið fundað 11 sinnum á árinu og fjallaði um fjölmarga þætti í aðdraganda kjarasamninga. Á fundi ráðsins í nóvember var sérstaklega fjallað um fjármál sveitarfélaga.



Sveitarfélagaskólinn

Sveitarfélagaskólinn er stafrænn vettvangur námskeiða fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga sem hleypt var af stökkunum eftir sveitarstjórnarkosningar 2022. Vorið 2022 voru framleidd níu stafræn námskeið í samstarfi við Opna háskólann í Reykjavík. Í þessum námskeiðum er farið yfir helstu atriði er sveitarstjórnarfolk þarf að kunna skil á, m.a. um starfsumhverfi, skyldur og hlutverk sveitarstjórna, fjármál sveitarfélaga og réttindi og skyldur sveitarstjórnarfólks. Auk þessara níu námskeiða hefur sambandið keypt þrjú tilbúin stafræn námskeið sem eru aðgengileg og opin öllum þátttakendum Sveitarfélagaskólans en það eru námskeiðin *Tæknisjálfsstraustið*, *Að lifa breytingar- breytingastjórnun* og að lokum *Mannauðsstjórnunarhlutverk stjórnenda*. Mörg námskeiðanna í Sveitarfélagaskólanum henta einnig stjórnendum og starfsfólki sveitarstjórnarskrifstofa. Aðsókn í skólann hefur verið með ágætum og um 600 manns hafa skráð sig á námskeið.

Haustið 2022 hófst vinna við gerð fjögurra stafrænna námskeiða í viðbót. Þrjú þeirra eru hugsuð fyrir fulltrúa í nefndum. Námskeiðin eru *Málefni barna*, *Skipulags- og umhverfismál* og *Velferð fullorðinna*. Auk þessa var einnig unnið að gerð námskeiðs um Heimsmarkmiðin og fleiri stjórnæki. Ráðgert er að þessi námskeið verði tilbúin vorið 2023. Samhliða þessu hófst vinna við gerð vinnustofu Sveitarfélagaskólans sem ráðgert er að verði haldin í öllum landshlutum að vori 2023.

Erlent samstarf hagdeilda

Árlegur fundur hagdeilda norrænu sveitarfélagasambandanna haldin í Dölunum í Svíþjóð en undanfarnir ársfundur hafa verið teams fundir.



Stjórnsýsla

Starfshópur um stefnumótandi áætlun ríkisins um málefni sveitarfélaga kom saman til fyrsta fundar undir lok árs 2022. Hópnun er ætlað að skila tillögu til innviðaráðherra um stefnu stjórnvalda gagnvart sveitarfélögum til fimmtán ára 2024 til 2038 og aðgerðaáætlun til fimm ára 2024 til 2028 í byrjun næsta árs. Stefnumótunin byggir á ákvæði sveitarstjórnarlaga um að ráðherra leggi fram endurskoðaða stefnu í málaflokki sveitarfélaga á þriggja ára fresti.

Drög að Grænbók um stöðumat og valkosti íslenskra sveitarfélaga til framtíðar voru birt í Samráðsgátt á árinu. Grænbókarvinnan hefur í senn leitt í ljós knýjandi áskoranir og spennandi tækifæri á sveitarstjórnarstigunum. Sem dæmi um áskorun má nefna viðfangsefni á sviði fjármála, viðbragða við lýðfræðipróun og loftslagsvá. Af tækifærum má nefna framfarir á sviði stafrænnar umbreytingar og íbúalýðræðis.

Umhverfismál

Samráðsfundur með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra var haldinn á skrifstofu sambandsins í ágúst. Á fundinum voru tvö málefni til umræðu. Annars vegar leiðir til að auka samstarf ríkis og sveitarfélaga í loftslagsmálum og þörf fyrir áframhaldandi vinnu við Verkferakistu loftslagsvænni sveitarfélaga. Hins vegar um stöðu innleiðingar hringrásarhagkerfisins og Borgað þegar hent kerfa við álagningu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélög eiga fulltrúa í Verkefnisstjórn aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem gaf út sína aðra stöðuskýrslu fyrir gildandi aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Sambandið hefur einnig verið þátttakandi í verkefninu Byggjum grænni framtíð sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarins um vistvænni mannvirkjagerð en það á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðaáætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.

Í september efndi sambandið í samstarfi við fleiri aðila til fundar um sveitarfélög, áhrif loftslagsbreytinga og aðlögunaraðgerðir. Markmið viðburðarins sneri fyrst og fremst að því að hefja umræðu um aðlögun að loftslagsbreytingum fyrir alvöru með fulltrúum sveitarfélaga og öðrum er málið varðar.



Sambandið tók þátt í framkvæmd ársfundar náttúruverndarnefnda sveitarfélaga, Náttúrustofa og Umhverfisstofnunar í nóvember.

Undir lok árs tók Samband íslenskra sveitarfélaga þátt í stofnfundi Sjálfbærnisráðs Íslands. Hlutverk Sjálfsbærs Íslands verður m.a. að hraða aðgerðum til að ná markmiðum um sjálfbæra þróun eins og þau birtast í Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Hringrásarhagkerfið

Innleiðing hringrásarhagkerfisins og breytingar á söfnun og annarri meðhöndlun úrgangs sem komu til framkvæmda 1. janúar 2023 var fyrirferðarmikil í starfi sambandsins á árinu 2022. Hleypt var af stokkunum áttakinu Samtaka um hringrásarhagkerfi með opnum fundi í mars sem hefur það að markmiði að aðstoða sveitarfélög við þessar breytingar. Fjölmarginir fundir voru haldnir með fulltrúum sveitarfélaga sem nutu aðstoðar og leiðbeininga frá starfsfólki sambandsins.

Átakið skiptist í þrjú hluta:

1 Svæðisáætlanir sveitarfélaga sem verkfæri í ákvarðanatöku

Sambandið gerði víðreist um landið um vorið og fundaði með öllum sveitarfélögum sem skráð voru í átakið með það markmið að efla og styrkja svæðisáætlanagerð sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs sem vettvangur upp- lýstrar ákvarðanatöku í úrgangsstjórnun. Samhliða þessari vinnu lét sambandið vinna greiningu á markmiðum sem í gildi eru um byggingar- og niðurrifsúrgang og ábyrgð sveitarfélaga á þeim.

2 Kaup í anda hringrásarhagkerfis - innkaup í úrgangsstjórnun sveitarfélaga

Innkaup sveitarfélaga á þjónustu, vörum og framkvæmdum í úrgangsmálum munu koma til með að þróast og breytast í takti við nýjar áherslur vegna nýlegra lagabreytinga. Þá gaf sambandið út sniðmát að innkaupasamningi í anda hringrásarhagkerfis, er það fyrsta sniðmátið af þremur. Seinni tvö sniðmátin, útboðslýsing og tilboðshefti verða gefin út á árinu 2023.

3 Borgað þegar hent er heim í hérað

Sveitarfélög hafa unnið að því að innleiða Borgað þegar hent er kerfi sem aðferð við innheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs með aðstoð sambandsins. Einnig hleypti sambandið af stokkunum BÞHE hraðli á grunni greiningar sem sambandið lét vinna og gaf út í janúar.



Í samvinnu við Umhverfisstofnun efndi sambandið til ráðstefnu í október um umfjöllunarefni átaksins. Um sumarið var gerð könnun meðal sveitarfélaga um innleiðingu hringrásarhagkerfisins og 43 sveitarfélög svöruðu könnunni.

Á aðventunni efndi sambandið til fundar meðal sveitarfélaganna um hringrásarhagkerfið. Á fundinum voru ýmis verkefni sem hafa verið til umfjöllunar hjá sambandinu á árinu kynnt auk þess sem fulltrúar Umhverfisstofnunar fjölluðu um helstu breytingar sem tóku gildi um áramót. Fyrir fundinn gaf sambandið út í samstarfi við Umhverfisstofnun og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið Spurt og svarað í úrgangsmálum síðu á vef sambandsins..

Handbók um framkvæmd úrgangsstjórnunar var gefin út í júní og endurútgefin í október. Um er að ræða vegvísi sveitarfélaga í úrgangsmálum sem fjallar um þær stefnumótandi ákvarðanir og þjónustu sem sveitarstjórnnum eru faldar samkvæmt lögum.

Í lok árs vann sambandið einnig umsögn um reglugerð sem mun koma í stað núgildandi reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Sambandið fékk á árinu 2021 styrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að fara í sex mánaða verkefni til að styðja við innleiðingu heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum og fylgja eftir Verkfærakistu fyrir sveitarfélög um innleiðingu markmiðanna. Þessu verkefni lauk fyrir sveitarstjórnarkosningar 2022. Öllum sveitarfélögum bauðst að taka þátt í verkefninu og 28 sveitarfélög þáðu það boð. Þau 10 sveitarfélög sem eru að vinna markvisst að innleiðingu heimsmarkmiðanna tóku öll þátt í verkefninu sem og 18 sveitarfélög sem voru á byrjunarreit gagnvart markmiðunum. Byrjendurnir fengu grunnfræðslu um innleiðingu og ráðgjafarstuðning. Þau sem voru komin lengra á veg miðluðu þekkingu og reynslu sín á milli og til byrjendanna.

Samráðsfundur var haldinn með þátttökusveitarfélögum í lok ágúst sl. Ljóst var af honum að nýjar sveitarstjórnir þurftu lengri tíma til að taka afstöðu til áframhaldandi innleiðingavinnu. Var ákveðið að láta frekari aðgerðir bíða nýrrar stefnumörkunar landsþings sambandsins. Í nýrri stefnumörkun sambandsins er m.a. kveðið á um að heimsmarkmiðin skuli vera leiðarljós við framkvæmd stefnumörkunar, ásamt því að unnið verði markvisst að innleiðingu þeirra á sveitarstjórnarstiginu. Í markmiði 9.11 er áréttað að sambandið eigi að styðja sveitarfélög í innleiðingu markmiðanna og eiga gott samstarf við verkefnisstjórn forsætisráðuneytisins um frekari eftirfylgni og þróun verkfærakistu og mælikvarða um framgang markmiðanna.

Verkefnastjórnin hefur nú verið lögð niður og stýrihópi um Sjálfbært Ísland verið falið að hafa yfirumsjón með innleiðingu Íslands á markmiðunum.



Lýðræðismál

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram laugardaginn 14. maí 2022. Landskjörstjórn skilaði skýrslu um undirbúning og framkvæmd kosninganna í október. Í skýrslunni er meðal annars sagt frá hlutverki, skipan og starfsemi landskjörstjórnar og fjallað um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna 14. maí 2022. Eins og vænta mátti komu fram ýmsar ábendingar um atriði sem betur mættu fara í lögjöfningu en heilt yfir fóru kosningarnar vel fram.

Sameining sveitarfélaga

Sveitarfélögum fækkaði um 5 á árinu 2022 og eru nú 64 talsins. Eftirtaldar sameiningar urðu, nafn sameinaðs sveitarfélags feitletrað:

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit – **Þingeyjarsveit**
Stykkishólmsbær og Helgafellssveit – **Sveitarfélagið Stykkishólmur**
Langanesbyggð og Svalbarðshreppur – **Langanesbyggð**
Akrahreppur og Sveitarfélagið Skagafjörður – **Skagafjörður**
Blönduósibær og Húnavatnshreppur – **Húnabyggð**

Starfsaðstæður kjörinna fulltrúa

Verkefnisstjórn um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa skilaði lokaskýrslu sinni í lok nóvember 2022. Skýrslan hefur að geyma 15 tillögur um hvernig draga megi úr álagi, stuðla að sanngjarnari kjörum, bættum vinnuaðstæðum og samskiptum kjörinna fulltrúa, sín á milli og við almenning. Tillögurnar voru kynntar á landsþingi sambandsins í september.

Jafnréttismál

Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga fór fram á Akureyri í september. Fundurinn var helgaður nýjum lagaskyldum sveitarfélaga til að gera breiðar jafnréttisáætlanir eftir sveitarstjórnarkosningar 2022 í samræmi við 13. gr. laga um stjórnslu jafnréttismála, nr. 151/2020.



Alþjóðamál

EES mál

Ekkert varð úr vorkundi Sveitarstjórnarvettvangs EES EFTA vegna Covid en í desember tókst að halda fund í Brussel með nýjum íslenskum fulltrúum eftir sveitarstjórnarkosningar 2022. Helstu mál á dagskrá fundarins voru endurskoðun fráveitutilskipunar ESB og tillögur að tilskipun er snýr að því að auka jafnrétti kynjanna með því að tryggja að sömu laun séu greidd fyrir sömu störf.

Rósa Guðbjartsdóttir, fulltrúi Sambands Íslenskrasveitarfélaga í vettvanginum og bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, var kjörin formaður í lok fundar.

Í tengslum við framkvæmd aðgerðar C3, *Grænt og snjallt Ísland*, í byggðaráætlun 2022-2036, undirrituðu sambandið, umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið og Rannsóknarmiðstöð Íslands samstarfssamning vegna ráðningar verkefnastjóra til að vinna að markvissri sókn sveitarfélaga í verkefnasjóði á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Ráðið verður í stöðuna, sem er til tveggja ára, á árinu 2023.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins

Vorþing

Íslenskir fulltrúar tóku þátt í vorþingi í gegnum netið. Málafni Úkraínu settu mikinn svip á þingið sem samþykkti samhljóða ályktun þar sem innrás Rússa er fordæmd.

Á þinginu var samþykkt ályktun og leiðbeiningar um þátttöku barna í innleiðingu heimsmarkmiðanna. Einnig ályktun um þátttöku íbúa í stjórnun sveitarfélaga á milli kosninga, um stöðu óháðra frambjóðenda og minnihluta í sveitarstjórnnum og um stöðu ungs fólks í dreifbýli. Bára Örk Melsted íslenskur ungmennafulltrúi á þinginu talaði undir þessum lið og miðlaði af eigin reynslu af því að hafa alist upp í dreifbýli á Íslandi og þurft að yfirgefa heimahagana 15 ára til að sækja sér menntun. Ungmennafulltrúar standa fyrir verkefnum sem tengjast málefnum þingsins heima fyrir og skipulagði Bára Örk það sem hún kallaði sýndarþing, sem byggði á formi sveitarstjórnarþingsins, með þátttöku nemenda Grunnskólans á Hólmanvík og Grunnskóla Drangsness. Lagði hún skýrslu Sveitarstjórnarþingsins um stöðu ungmenna í dreifðum byggðum til grundvallar við skipulagningu þingsins.

Haustþing

Guðmundur Ari Sigurjónsson, stjórnarmaður í sambandinu og bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, tók þátt í haustþinginu í Strasbourg, ásamt ritara. Á þinginu var samþykkt ályktun og skýrsla um áhrif hatursumræðu og falsfrétta á starfsaðstæður kjörinna fulltrúa, sem byggir á evrópsku rannsóknaverkefni. Þá var samþykkt ályktun um móttöku flóttakvenna og barna í evrópskum sveitarfélögum. Einnig ályktun um græna túlkun á Sveitarstjórnarsáttmála Evrópu.

Þingið samþykkti einnig þriðju mannréttindahandbók sína fyrir sveitarfélög og er hún í þremur bindum. Þá var samþykkt skýrsla um mannréttindi í snjöllum sveitarfélögum.



Tengiliðahópur norrænna sveitarfélagasambanda um lýðræði og stjórnun

Á fundi í tengiliðahópi norrænna sveitarfélagasambanda um lýðræði og stjórnun sem haldinn var á Mývatni í maí var fjallað um það sem er efst á baugi í lýðræðismálum og um umbóta- og þróunarverkefni á því sviði. Sérstakur hluti fundarins var helgaður stöðu kjörinna fulltrúa og auknu áreiti á þá.



Þátttakendur í fundi tengiliðahóps norrænna sveitarfélagasambanda um lýðræði og stjórnun.

Stafræn framþróun

Samband íslenskra sveitarfélaga vinnur að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni þróun og nýta nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúa. Stafræna teymi sambandsins heldur úti vefnum www.stafræn.sveitarfelag.is þar sem finna má ýmsar lausnir og upplýsingar er varða stafræna framþróun sveitarfélaga.

Ýmislegt nýtt efni bættist við [stafrænu vefsíðuna](#) á árinu 2022. Má þar nefna [Vefkaffi](#), [Kistuna](#), [Lausnatorgjö](#), og [Reynslusögur](#) sem hafa verið mjög vinsæl og munu halda áfram á þessu ári. [Upplýsingasíður vegna verkefna](#) stafræna umbreytingateymis sem voru settar inn á vefinn í apríl sem sýna meðal annars markmið og ávinning verkefna.

[Málþing um samstarf sveitarfélaga í stafrænni umbreytingu](#) var haldið í júní þar sem 250 starfsmenn sveitarfélaga skráðu sig til þátttöku en hér má sjá [upptökur af málþinginu](#).



Samband Íslenskra sveitarfélaga

Formannsskipti

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarfulltrúi var kjörin formaður stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga í ágúst, en hún og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri í Hafnarfirði voru í framboði. Kosning fór fram samkvæmt samþykktum sambandsins dagana 15. – 29. ágúst. Á kjörskrá voru 152 landsþingsfulltrúar og var kosningabáttaka 98,03%. Heiða Björg hlaut 76 atkvæði eða 51,01%, en Rósa Guðbjartsdóttir hlaut 73 atkvæði eða 48,99%.

Heiða Björg er fædd og uppalin í Eyjafirði, en hefur búið í Reykjavík nær öll hennar fullorðinsár. Heiða Björg var kjörin varaformaður Samfylkingarinnar í febrúar 2017, hún hefur setið í borgarstjórn Reykjavíkur í 9 ár og var varaformaður stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2018-2022.

Landsþing

Landsþing sambandsins fór fram á Akureyri dagana 28.-30. september 2022 undir yfirskriftinni **Grunnur að góðu samfélagi**. Seturétt á þinginu áttu 152 fulltrúar frá 63 sveitarfélögum. Alls mættu til þingins 151 landsþingsfulltrúi frá 62 sveitarfélögum, 62 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, 6 fráfarandi stjórnarmenn, 11 gestir og 28 starfsmenn sambandsins.

Á landsþinginu var samþykkt stefnumörkun fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga 2022-2026 og nýkjörinni stjórn falið að ganga frá endanlegri útgáfu hennar. Er stefnumörkunin leiðarljós alls þess er sambandið fæst við. Hlutverk þess er skýrt í þeim samþykktum sem um sambandið gilda og með samhljómi í stefnumörkuninni skapast frjór og sterkur grunnur fyrir sambandið að sækja fram til hagsbóta fyrir öll sveitarfélög.



Samfélagsleg ábyrgð

Samband íslenskra sveitarfélaga sýnir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni við ákvarðanatöku og ráðgjöf og er til fyrirmyndar í málefnum sjálfbærrar þróunar og loftslags. Frá árinu 2018 hefur prentun á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga dregist saman um 78% eða úr 227.379 blöðum á ári niður í 50.804 blöð. En betur má ef duga skal. Unnið er að því að bókhald sambandsins og samstarfsstofnana verði alfarið pappírslaut. Fyrir árið 2023 stefnum við að því að prentun verði ekki meiri en 30.000 blöð yfir árið, eða um 1.000 blöð á hvern starfsmann.

Starfsfólk er hvatt til þess að nýta sér umhverfisvæna ferðamáta, s.s. göngu, strætó, hjól, eða rafmagnshjól og með það að markmiði býður sambandið uppá rafdrifin hlaupahjól til afnota ef skjótast þarf á stutta fundi. Þá hefur fjarfundum fjölgað nokkuð eftir kórónuveirufaraldurinn.

Starfsmannahald

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga störfuðu 33 starfsmenn í 31,1 stöðugildi í árslok 2022 og hafði fjölgað um tvo frá árinu 2021.

Samband íslenskra sveitarfélaga er með jafnlaunavottun, vottun sem heilsueflandi vinnustaður og mannauðshugsandi fyrirtæki 2022. Reglulega eru gerðar kannanir meðal starfsfólks sem veitir stjórnendum færi á að hafa frumkvæði í að takast á við vandamál ef upp koma innan starfsmannahópsins. Niðurstöður í þessum könnunum hafa nær undantekningalaust sýnt fram á mikla starfsánægju.

Benedikt Þór Valsson 1952-2022

Í starfsmannaferð sambandsins til Split í Króatíu á vormánuðum fengum við þær sorgarregnir að Benedikt Þór Valsson, hagfræðingur á kjarasviði, hefði orðið bráðkvaddur kvöldið fyrir brottför 28. apríl, á sjötugasta aldursári. Benedikt hafði starfað á kjarasviði sambandsins í 13 ár og hafði tilkynnt um starfslok. Hann naut mikillar virðingar fyrir störf sín og hafði afburða þekkingu á sviði fjármála og hagfræði. Hann var hæglátur og hafði góða nærveru, var hlýlegur og orðvar. Í stað kveðjuhófs sem halda átti honum til heiðurs að starfslokum var hann kvaddur hinstu kveðju þann 12. maí.



Borgartún 30

Á árinu var ráðist í umfangsmiklar framkvæmdir á húsnæði Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga, á 5. hæð í Borgartúni 30. Undirbúningur framkvæmda hófst á árinu 2021 þegar ASK arkitektar voru fengnir til að hanna húsnæðið, í góðri samvinnu við starfsfólk, með það að markmiði að vinnuástaðan væri verkefnamiðuð. Þannig á enginn starfsmaður sitt sæti. Verktakafyrirtækið *Lalli lagari* tók við húsnæðinu, ásamt undirverktökum 1. febrúar og skilaði því aftur til verkkaupa 1. maí. Var það innan þess tímaramma sem gefinn hafði verið. Hið sama má segja um fjárhagsáætlun verksins. Skemmst er frá því að segja að breytingarnar þykja hafa tekist afburða vel, vinnustöðvum hefur fjölgað úr 32 í 46 auk fundarherbergja og næðisrýma stórra sem smárra.

Við breytingarnar fylgdu við stefnu sambandsins um samfélagslega ábyrgð og reyndum að endurnýta eins mikið og unnt var. Það sem af gekk, s.s. bókahillur, skrifborð eldri tæki og tól, var að mestu leyti gefið til Fjölsmiðjunnar og til leik- og grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og í nágrenni þess.

Starfsfólk Sambands Íslenskra sveitarfélaga býður kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga og landshlutasamtaka velkomið í Borgartúnið. Við tökum vel á móti ykkur.





Stjórn

Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Aðalmenn:

- Heiða Björg Hilmisdóttir, Reykjavík
- Einar Þorsteinsson, Reykjavík
- Hildur Björnsdóttir, Reykjavík
- Rósa Guðbjartsdóttir, Hafjarfirði
- Guðmundur Ari Sigurjónsson, Seltjarnarnesi
- Lilja Björg Ágústsdóttir, Borgarbyggð
- Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafirði
- Freyr Antonsson, Dalvíkurbyggð
- Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
- Margrét Ólöf A. Sanders, Reykjanesbæ
- Walter Fannar Kristjánsson, Flóahreppi

Varamenn:

- Dagur B. Eggertsson, Reykjavík
- Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Reykjavík
- Kjartan Magnússon, Reykjavík
- Hjördís Ýr Johnsson, Kópavogi
- Sigrún Sverrisdóttir, Hafnarfirði
- Einar Brandsson, Akranesi
- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði
- Hafrún Olgeirsdóttir, Norðurþingi
- Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Akureyri
- Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
- Ásgerður K. Gylfadóttir, Svf. Hornafirði



Fastanefndir

Félagspjónustunefnd

- Ólafur Þór Ólafsson, Tálknafirði
- Sveinn Þór Elinbergsson, Félags- og skólabjón. Snæfellinga
- Júlía Sæmundsdóttir, Múlapingi
- Anna Sigríður Guðnadóttir, Mosfellsbæ
- Rannveig Einarsdóttir, Hafnarfjarðarkaupstað

Fræðslumálanefnd


- Róslín Alma Valdemarsdóttir, Svf. Hornafirði
- Helgi Arnarson, Reykjanesbæ
- Álfhildur Leifsdóttir, Skagafirði
- Kristín Jóhannesdóttir, Akureyri
- Helgi Grímsson, Reykjavík

Kjaramálanefnd

- Halla Margrét Tryggvadóttir, Akureyri
- Margrét Ólöf A. Sanders, Reykjanesbæ
- Lóa Birna Birgisdóttir, Reykjavík
- Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
- Baldur Ingi Jónasson, Ísafirði
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Ásdís Kristjánsdóttir, Kópavogi
- Halla Björk Reynisdóttir, Akureyri

Skipulagsmálanefnd

- Halla Björg Reynisdóttir, Akureyri
- Sveinn Björnsson, Akureyri
- Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafirði
- Jón Kjartan Ágútsson, svæðisskipulagsstjóri Höfuðbsv.
- Einar Þorsteinsson, Reykjavík





Verkefnisstjórn um úrgangsmál

- Jón Viggó Gunnarsson, Sorpa bs.
- Steinþór Þórðarson, Kalka sorpeyðingarstöð
- Friðrik Klingeil Gunnarsson, Reykjavík
- Hrefna Bryndís Jónsdóttir, Sorpurðun Vesturlands
- Hildigunnur Rut Jónsdóttir, Akureyri
- Stefán Aspar Stefánsson, Svf. Hornafirði

Siðanefnd sambandsins

- Sigurður Kristinsson
- Erling Ásgeirsson
- Anna Guðrún Björnsdóttir



Starfsfólk sambandsins

Framkvæmdastjóri

- Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið

- Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri
- Jóhannes Á. Jóhannesson
- Nökkvi Dan Elliðason
- Valgerður Freyja Ágústsdóttir

Kjarasvið

- Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri
- Berglind Eva Ólafsdóttir
- Bjarni Ómar Haraldsson
- Ellisif Tinna Víðisdóttir
- Helgi Aðalsteinsson
- Margrét Sigurðardóttir

Lögfræði- og velferðarsvið


- Guðjón Bragason, sviðsstjóri
- Anna Ingadóttir
- Eygerður Margrétardóttir
- Kristín Ólafsdóttir
- María Ingibjörg Kristjánsdóttir
- Svala Hreinsdóttir
- Svandís Ingimundardóttir
- Valgerður Rún Benediktsdóttir
- Þorgerður María Þorbjörnsdóttir
- Þórður Kristjánsson

Rekstrar- og útgáfusvið


- Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri
- Guðmunda Oliversdóttir
- Ingibjörg Hinriksdóttir
- Kolbrún Erna Magnúsdóttir
- Ragnheiður Snorradóttir
- Steinar Aron Stefánsson
- Þóra Helgadóttir

Þróunar- og alþjóðasvið


- Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri
- Alfa Dröfn Jóhannsdóttir
- Björgvin Sigurðsson
- Fjóla María Ágústsdóttir
- Hrund Valgeirsdóttir
- Óttar Freyr Gíslason



Tölfræði á www.samband.is



Fjöldi heimsóknna



57%

Konur eru í 57% þeirra sem skoða vefinn okkar.



Nefndaskipan í árslok 2022

205

Einstaklingar í nefndum

Alls áttu 205 einstaklingar sæti í nefndum á vegum sambandsins í árslok 2022.



Kynjahlutfall

Konur voru 60% þeirra sem sitja í nefndum og karlar 40%

Svæði	Karlar	Konur	Alls
Höfuðborgarsvæðið	41	63	104
Suðurnes	9	8	17
Vesturland	11	6	17
Vestfirðir	4	7	11
Norðurland vestra	4	10	14
Norðurland eystra	12	10	22
Austurland	7	8	15
Suðurland	14	17	31
Sambandið	46	93	139
Alls	148	222	370



Tölfræði úr upptökum frá fundum

1.405

Upptökur

Eru á Vimeo rás Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Flest áhorf



Áhorf á upptökur

31

Dagur

7

Klukkustundir

11

Mínútur

41


Sekúnda



Tölfræði úr Sveitarfélagaskólanum

Á Íslandi eru 470 kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnunum. Í lok árs 2022 höfðu 342 þeirra skráð sig í Sveitarfélagaskólann.

Alls voru níu námskeið í boði í Sveitarfélagaskólanum auk þriggja almennra námskeiða. Ætla má að það taki um 16 klst. að horfa á öll námskeiðin.



■ Kjörinn fulltrúi ■ Fulltrúi í nefnd
■ Starfsmaður ■ Annað





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

ÁRSSKÝRSLA 2022

Flestar myndir í skýrslunni koma af vefnum www.visme.co. Myndin hér á síðunni er unnin með aðstoð gervigreindar og sýnir 8 hús í íslensku landslagi.